

Nd. 405. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir „1500“ í 9. tölulið kemur: 1000.
2. Við 4. gr. 2. másl. 1. töluliðar orðist svo:
Þá skal við gerð framkvæmdaáætlunar, sem samkv. b-lið 4. gr. laga nr. 49/1967 skal fylgja tillögum um fjárveitingar 1969, sérstaklega taka til athugunar eldri fjárveitingar til skóla barna- og unglingastígs, sem eru ekki enn komnir á framkvæmdaáætlun og væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, enda hafi ekki komið til sameining hreppa í skólahverfi.
3. Við 7. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.